



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### **Ákvörðun nr. 6/2020** **Aðgengi að lausum aukapræði** **innanhússfjarskiptalagnar í tengilista**

#### **I.** **Erindið**

(1) Kvörtun Mílu ehf. (Míla) gegn Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR) um frágang tenginga í fjarskiptainntaki í tilteknum húseignum að Ásbrú í Keflavík og á Selfossi barst Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) upphaflega með tölvupósti þann 18. febrúar 2020 (*mál nr. 2020020094*) Varðaði kvörtunin þá aðallega að GR hefði tengt heimtaugar sínar í fjarskiptainntaki umræddra húseigna, án þess að þar væri til staðar tengilisti fyrir lausan aukapræð innanhússfjarskiptalagnar.

(2) Á síðari stigum breyttist efni kvörtunar Mílu, sbr. tölvupóst félagsins til PFS frá 12. mars 2020. Greindi Míla frá því að frá því að kvörtun félagsins hafi verið lögð fram væri búið að koma upp tengilista í fjarskiptainntaki umræddra húseigna. Félagið teldi þó fráganginn ekki ennþá í samræmi við kröfur reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir og að það hygðist taka saman gögn um það. Þessi gögn ásamt sjónarmiðum Mílu bárust síðan með tölvupósti þann 6. maí 2020. Varðaði kvörtunin þá nánar til tekið húseignir að [...]¹,

(3) Það er því tölvupóstur Mílu til PFS frá 6. maí 2020 sem er hin eiginlega kvörtun í þessu máli. PFS þykir því ekki þörf á því að rekja efni samskipta PFS við aðila um upphaflega kvörtun Mílu eða á bilinu 18. janúar til 5 maí 2020, þ.e. ekki nema að því marki gögn eftir það tímamark hafi að geyma beinar tilvísarnir í efni samskipta fyrir þann tíma.

(4) Með kvörtun Mílu fylgdu myndir af frágangi tenginga GR við innanhússfjarskiptalagnir sem félagið taldi sýna fram á að lausum aukapræðum hefði ekki verið komið fyrir í tengilista við fjarskiptainntak í trássi við ákvæði í reglum um innanhússfjarskiptalögnum þar um. Krafa Mílu var orðuð svo:

„Míla krefst þess að PFS beini þeim úrræðum að Gagnaveitu Reykjavíkur sem PFS hefur á grundvelli laga og reglna um ólögmætar innanhússlagnir og fyrri fordæma þ.m.t. um að fjarskiptafyrirtæki er óheimilt að tengjast ólögmætum innanhússlögnum.“

---

¹ Heimilisföng fjarlægð vegna trúnaðar.

## II. Bréfaskipti og sjónarmið

(5) Kvörtun Mílu var send til GR og félaginu gefinn kostur á því að tjá sig um hana. Telur félagið að lausir aukapræðir séu aðgengilegir Mílu, sbr. eftirfarandi:

„GR beinir því til PFS að vísa kvörtun Mílu frá á grundvelli þess að laus ljósleiðarþráður hefur verið gerður aðgengilegur fyrir Mílu án mikillar fyrirhafnar og kostnaðar fyrir Mílu. GR hefur í þessum tilfellum borið kostnað af uppsetningu og lagningu ljósleiðara í húsin sem um ræðir. GR og Míla hafa unnið sameiginlega að ljósleiðaralagningu skv. undanþágu frá SE utandyra og ekki ætti að halla svo á [Mílu] sem skrif Mílu bera með sér þar sem út frá skrifum Mílu virðist það sjónarmið þeirra að kostnaður við innanhússlagnir eigi allur að vera GR megin. GR hefur raunar reynt að koma á samstarfi með Mílu um lagningu og frágang innanhússfjarskiptalagna en án árangurs hingað til, þ.m.t. á Ásbrúarsvæðinu og þar sem félögin hafa unnið sameiginlega að ljósleiðaravæðingu svæða skv. áðurnefndri undanþágu.“

(6) Þá telur GR reyndar ólíklegt að Míla sé að tengja hjá notendum sem GR hefur þegar tengt. Um þetta segir GR:

„Ólíklegt er talið að Míla sé að tengja íbúðir sem GR hefur þegar tengt, heldur er það mat GR að kvörtunin komi til þegar aðilar á vegum Mílu eru að tengja aðrar íbúðir í sömu húsum í fyrsta sinn. Míla hefur í mörgum tilfellum ekki þurft að leggja til alla þá vinnu og efni sem GR hafði þegar gert og er Mílu þannig kostnaðarlaus þar sem GR hefur tengt á undan íbúð í sama húsi. Því má skilja það þannig að markaðsaðilar geti séð hag sinn í því að bíða þar til annar aðili tengir fyrst íbúð í gefnu húsnúmeri og leggi til þess nauðsynlega greinilögn og komi svo í kjölfar og tengi sína fyrstu íbúð til að spara kostnað við umrædda lögn. Þannig ber GR, í þessum tilfellum, sem fyrsta fyrirtækið sem tengir í húsi sjálfkrafa kostnað uppá hundruð þúsunda vegna undirbúnings til að seinna sé hægt að tengja íbúðir sem næsta fyrirtæki getur gengið að án þess að leggja til kostnað nema hugsanlega gagnvart sjálfum íbúðarstreng þeirrar tengingar. GR hefur gert þetta í mjög mörgum tilfellum á Selfossi og víðar svo að óhætt er að segja að kostnaður GR telji í milljónum sem Míla sleppur þá við og þarf aðeins að ganga að og setja tengi á enda eins þráðanna sem GR er búin að leggja.“

(7) GR telur rétt að skoða málið ef þessu væri öfugt farið, þ.e. ef Míla hefði tengt húseign á undan Mílu, en það segir GR

„Hefði málið snúið öfugt hefði GR þurft að leggja álíka mikla vinnu við að tengja sinn viðskiptavin, að því gefnu að Míla legði tvíleiðara, og ekki gert mál úr því. Það að GR þurfi að leggja til umframkostnað þegar Míla þarf þess ekki telst ekki uppfylla reglur um jafnræði, sérstaklega í ljósi þess að Míla hefur ekki þurft að leggja til hundruð þúsunda kostnað sem GR hefur lagt til í hverju húsi þar sem Míla hefur haft allt að 100% viðskipta áður en GR leggur í húsið. Þá er lausum aukapræði komið fyrir þannig af GR að hann er aðgengilegur Mílu óhindrað til notkunar og lagður með þeim hætti að mjög þægilegt verði fyrir Mílu að taka lögnina í rekstur.“

(8) Mílu var gefinn kostur á að gera athugasemdir við svör GR, en þær bárust með tölvupósti þann 10. júní, og eru svo hljóðandi:

„Míla telur að athugasemdir GR breyti engu um að innanhússlagnir á þeim stöðum sem Míla kvartar yfir eru ólögmætar og í andstöðu við lög, reglur og ákvarðanir PFS sem byggja á þeim, en til að taka af allan vafa þá er þeim öllum andmælt. Ekkert af þeim athugasemdum sem GR færir fram gerir þó tilraun til að rökstyðja að frágangur sé lögmætur eða að GR hafi staðið rétt að tengingu en um það snýst málið. Minnt er á að innanhússlagnir eru í eigu og ábyrgð húseiganda en fjarskiptafyrirtæki er óheimilt að tengja sig við ólögmætar lagnir, sbr. ákvarðanir PFS s.s. ákvörðun nr. 15/2019. Þá hefur það verið staðfest í þeirri sömu ákvörðun PFS að GR beri að koma lausum þræði innanhússfjarskiptalagnar fyrir á tengilista í húskassa fjarskiptainntaksins eins og skýrt er kveðið á um í 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015. Einnig skal bent á að lög og reglur um innanhússlagnir hafa það að markmiði að jafnræði allra fjarskiptafyrirtækja sé gætt og til að því sé til haga haldið þá eru fleiri en fjarskiptafyrirtæki en Míla sem gætu þurft að nálgast innanhússfjarskiptalagnir. Þá skal lausum enda aukapráðar innanhússlagna ætíð vera skilað upphengdum á tengilista eins og margítrekað hefur verið vísað til, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015. Ítrekar Míla því kröfur um að PFS beini þeim tilmælum til Gagnaveitu Reykjavíkur með vísan til ákvörðunar PFS nr. 15/2019 og síðari ákvarðana að GR sé óheimilt að tengjast ólögmætum innanhússlögnum, verði GR ekki við því skuli GR beitt dagsektum, og jafnframt að GR beri að koma lausum þræði innanhússfjarskiptalagnar í viðkomandi íbúð fyrir við tengilista í húskassafjarskiptainntaksins, sbr. ákvörðunarorð í ákvörðun PFS nr. 15/2019 og verði GR ekki við því verði félagið beitt dagsektum.

Til frekari áréttingar er vísað til ákvörðunarorða PFS í 4. lið ákvörðunar PFS nr. 15/2019.“

### III.

#### Tengsl kvörtunar við fyrri ágreiningsmál

(9) Ágreiningsmál þetta á sér nokkurra ára forsögu sem þykir rétt að gera stuttlega grein fyrir í þeim tilgangi að halda til haga heildarsamhengi þess.

(10) Árið 2014 lagði Míla fram kvörtun til PFS gegn GR og taldi GR hafa brotið reglur PFS um innanhússfjarskiptalagnir með því að sjóða strengenda ljósleiðara beint á innanhússlögn í húskassa í stað þess að nota sérstakan tengilista eins og kveðið var á um í reglum.

(11) Í ákvörðun sinni nr. 32/2014 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að frágangur á tengingum GR hefði ekki verið samkvæmt þágildandi reglum nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir og skyldi GR nota þar til gerða tengilista og lagfæra þær tengingar sem tengdar höfðu verið með splæsitingingu á eigin kostnað, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

(12) GR kærði ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sem staðfesti efnislega niðurstöðu PFS með lokaúrskurði sínum í máli nr. 5/2014, en felldi úr gildi fyrirmæli

stofnunarinnar til GR um að lagfæra á eigin kostnað þær tengingar sem tengdar höfðu verið með splæsitingu.

(13) Næst sendi Míla inn formlegt erindi til PFS þar sem þess var krafist að GR framkvæmdi úrbætur á frágangi strengenda heimtaugar, þar sem hún tengist innanhússlögn í húskassa í tilteknum húseignum á höfuðborgarsvæðinu. Endurtók PFS þá rannsókn málsins frá grunni, m.a. með því að yfirfara lagagrundvöll þess með tilliti til framkominna sjónarmiða málsaðila. Fyrir lá að frágangur GR á strengendum ljósleiðaraheimtauga í húskössum bryti gegn 7. gr. reglna PFS nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Varðandi kröfu um úrbætur þyrfti á hinn bóginn að horfa til þess að innanhússlagnir frá samtengipunkti í húskassa væru á ábyrgð húseiganda, samkvæmt 60. gr. fjarskiptalaga og 4. gr. reglna PFS nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Í ljósi ábyrgðar húseiganda var það niðurstaða PFS að Míla gæti ekki beint kröfu um úrbætur að GR. Var kröfu Mílu því hafnað með ákvörðun PFS nr. 29/2015 þann 6. nóvember 2015.

(14) Míla kærði þessa ákvörðun PFS þann 2. desember 2015. Þann 15. desember tóku gildi nýjar reglur um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1111/2015, sem heimiluðu það verklag sem GR viðhafði við frágang tenginga í húskassa að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Með úrskurði sínum í máli nr. 10/2015 þann 30. desember 2016 komst úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála að þeirri niðurstöðu að Míla hefði ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins í ljósi þess að krafa félagsins byggði á eldri reglum um innanhússfjarskiptalagnir sem nú væru úr gildi fallnar.

(15) Þann 16. desember 2015 barst PFS á enn ný krafa frá Mílu. Annars vegar um að PFS hlutaðist til um að GR bætti úr ólögsmætu ástandi fyrir eigin kostnað, að viðlögðum dagsektum og hins vegar að PFS tæki bráðabirgðaákvörðun í málinu. Með bréfi dagsett þann sama dag hafnaði PFS að taka þessar kröfur til frekari meðferðar í ljósi þess að eldri reglur frá 2006 um innanhússfjarskiptalagnir, sem krafan um úrbætur byggði á, voru úr gildi fallnar. Míla kærði þessa niðurstöðu PFS til úrskurðarnefndar sem þann 30. desember 2016 staðfesti hana með vísan til sömu forsendna, sbr. úrskurð í máli nr. 11/2015.

(16) Í framhaldi af þessum ákvörðunum PFS og kærumálum þeim tengdum bárust stofnuninni tölvupóstar frá málsaðilum með gagnkvæmum ásökunum um verklag og háttsemi hvors annars við tengingu lagna í fjarskiptainntaki. Með tölvupósti PFS til aðila, dags. 27. febrúar s.l., taldi PFS ástæðu til að leiðbeina um tiltekin meginatriði sem stofnunin taldi vera ljós og fyrirliggjandi, m.a. með tilliti til fyrri úrlausna stofnunarinnar varðandi þessi mál og þeirra breytinga sem gerðar voru á reglum um innanhússfjarskiptalagnir.

(17) Þar sem að báðir aðilar töldu á sér brotið og að aðilar voru sammála um mikilvægi þess að fundin yrði ásættanleg lausn varðandi verklag við að nálgast lausan þráð innanhússfjarskiptalagnar, taldi PFS vera tilefni til að reyna ná sáttum með aðilum. Samþykktu aðilar að þiggja boð PFS um að leiða sáttaviðræður sem fóru fram þann 3. maí 2017. Í ljósi þess að ekki tókst að ná samkomulagi um efni fundargerðar fyrsta sáttafundar taldi PFS ólíklegt að frekari viðræður myndu skila árangri og tilkynnti um lok sáttumleitana þann 18. maí 2017.

(18) Fyrirnefndar leiðbeiningar PFS, auk sáttaviðræðna sem stofnunin hélt með aðilum, dugðu ekki til að leysa ágreining milli aðila. PFS barst því formleg kvörtun GR gegn Mílu, sbr. bréf dags. 2. maí 2017, svo og kvörtun Mílu á hendur GR, sbr. 14. júlí 2017. Leyst var úr kvörtun GR með ákvörðun PFS nr. 25/2017, sem varðaði rétt til aðgangs að lausum þræði innanhússfjarskiptalagnar í fjarskiptainntaki, og úr kvörtun Mílu með ákvörðun PFS nr. 26/2017, sem varðaði ábyrgð á tengingum í fjarskiptainntaki og kröfur um úrbætur. Míla kærði

síðari ákvörðunina til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sem staðfesti ákvörðun PFS, sbr. mál nr. 13/2017. Ekki þykir tilefni til að rekja nánar efni þessara tveggja ákvarðana í ákvörðun þessari, enda hefur úrlausn þessara kvörtunarmála ekki bein tengsl við ágreiningsefni þessa máls. Þess má þó geta að Míla höfðaði dómsmál til ógildingar á úrskurði í máli nr. 13/2017. Var það niðurstaða héraðsdóms Reykjavíkur að vísa kröfu Mílu frá, sbr. dóm í máli nr. 3895/2018.

(19) Þann 21. júní 2018 barst PFS tölvupóstur frá Mílu ehf., þar sem kvartað var undan frágangi GR á tengingum í fjarskiptainntaki í húseignum í tiltekinni húseign í Mosfellsbæ. Varðaði umkvörtunarefnið að GR hefði ekki sett upp tengilista í fjarskiptainntaki, eins og krafa er um þegar um er að ræða nýbyggingar fjölbýlishúsa. Leysti PFS úr þessari kvörtun með ákvörðun nr. 16/2018, frá 24 október 2018, þar sem komist var að niðurstöðu um að það væri á ábyrgð húseiganda að setja upp tengilista. Ef húseigandi vanrækti þá skyldu sína og léti hjá líða að setja upp tengilista hefði það þær afleiðingar að fjarskiptafyrirtækjum væri óheimilt að tengja viðkomandi húseign, enda væri frágangur í fjarskiptainntaki ekki í samræmi við reglur.

(20) Því að PFS tók ákvörðun 16/2018 komu upp fleiri tilvik um að GR hefði tengt heimtaugar sínar í tilteknum húseignum án þess að til staðar væri tengilisti í fjarskiptainntaki, enda komu fram fleiri kvartanir um það frá Mílu. PFS leysti úr þessum kvörtunum með vísan til skuldbindingagildi fyrri ákvörðunar nr. 16/2018, sbr. ákvörðun nr. 2/2019. Var það jafnframt niðurstaða PFS að krafa Mílu um afskipti PFS til að koma í veg fyrir frekari brot GR væri ekki nógu vel afmörkuð og var henni því vísað frá.

(21) Með kvörtunum Mílu, dags. 4. og 5. apríl 2019, komu fram kvartanir um endurtekna háttsemi GR um að tengja heimtaugar sínar við húseignir þar sem ekki væri til staðar tengilisti. Í þessum kvörtunum var gerð sú krafa að GR yrði gert að taka úr notkun heimtaugar, sem tengdar hefðu verið þrátt fyrir að frágangur í fjarskiptainntaki væri í trássi við reglur, að viðlögðum dagsektum. Í ákvörðun PFS nr. 15/2019 var fallist á kröfu Mílu, nema að því leyti að leggja dagsektir á GR. Taldi PFS rétt að gefa GR kost á því að aftengja viðkomandi heimtaugar áður en kæmi til þess að beita þvingunarúrræðum. GR kærði þessa ákvörðun til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sem staðfesti hana með úrskurði sínum í máli nr. 4/2019.

#### IV.

#### Forsendur og niðurstaða

##### 4.1. Almennt og um lagaumhverfi

(22) Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er Póst- og fjarskiptastofnun falið að hafa umsjón með fjarskiptum í lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Þá hafa verið sett sérstök lög um starfsemi og valdheimildir stofnunarinnar, sbr. lög nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, en þar eru jafnframt tilgreind þau verkefni sem stofnuninni ber að vinna að. Í 3. gr. laganna er þannig kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli stuðla að samkeppni á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því m.a. að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á mörkuðum fjarskipta- og pósthjónustu, sbr. a.-lið 2. tölulíðar ákvæðisins. Enn fremur með því að taka þátt í þróun markaðar fyrir fjarskipta- og pósthjónustu og upplýsingatækni með því m.a. að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum, aðstöðu og þjónustu sem þeim tengist og fjarskipta- og pósthjónustu og stuðla að því að gætt sé jafnræðis við meðhöndlun fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda sem búa við sömu aðstæður, sbr. a. og c.-liði 3. tölulíðar ákvæðisins.

(23) Að áliti PFS hafa þau markmið fjarskiptalaga sem birtast í tilgreiningu á verkefnum, þ.e. um að vinna gegn röskun á samkeppni, koma í veg fyrir hindranir að aðgangi að aðstöðu og gæta skuli jafnræðis fjarskiptafyrirtækja, þýðingu við túlkun og framkvæmd 60. gr. fjarskiptalaga sem er svohljóðandi:

*„Fjarskiptalagnir í húsnæði áskrifenda, þ.m.t. húskassar, eru á ábyrgð húseigenda. Staðsetning húskassa og allar lagnir í byggingu skulu vera í samræmi við teikningar af byggingunni sem byggingareftirlit hefur samþykkt. Í fjöleignarhúsum skulu húskassar vera innsiglaðir eða læstir og þannig gengið frá lögnum að óviðkomandi eigi ekki greiða leið að einstökum fjarskiptalínum. Þegar fjarskiptafyrirtæki berst umsókn um þjónustu frá áskrifanda skal fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á aðgangi að húskassa í viðkomandi byggingu til að tengja sig inn á hann og að lögnum viðkomandi áskrifanda. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um frágang húskassa og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.“*

(24) Meginefni ákvæðisins er að mæla fyrir um ábyrgðarskil á milli netrekanda annars vegar og húseigenda hins vegar, en innanhússlagnir frá nettengingu í húskassa eru á ábyrgð húseigenda. Einnig er fjallað um öryggi húskassa og um rétt fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að þeim, en gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun setji reglur m.a. í þeim tilgangi að skilgreina nánar aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja, en það hefur stofnunin gert, sbr. reglur nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, sbr. og reglur til breytinga á þeim nr. 421/2018.

(25) Í þessu máli reynir á ákvæði um kröfur til frágangs tenginga í fjarskiptainntaki sem hýsir aðgangspunkt að innanhússfjarskiptalögnum. Hér er um að ræða kröfur sem eru ábyrgð húseiganda að uppfylla og eru þær óundanþægar, sbr. c.-lið 1. gr. reglnanna. Samkvæmt 7. gr. reglnanna, eins og henni var breytt með reglum nr. 421/2018 eru kröfurnar svohljóðandi:

*„Í hverri byggingu skal vera inntak fyrir fjarskiptastrengi. Ef bygging er tengd þráðlausum samböndum skal gengið frá aðgangi að endabúnaði þeirra á sama hátt og um inntak væri að ræða. Frágangur á inntaki fjarskiptastrengja er á ábyrgð húseiganda.“*

*Í fjölþýlishúsum skal staðsetja inntak fjarskiptastrengja í lokuðu rými í sameign, á traustum vegg sem að jafnaði skal vera burðarveggur eða einangraður útveggur. Í inntaki má ekki tengja aðra strengi en fjarskiptastrengi. Sé raflögn að inntakinu, svo að hægt sé að koma fyrir í því virkum fjarskiptarásam, skal það jarðtengt. Inntak skal einnig vera jarðtengt séu heimtaugar og innanhússlagnir úr rafleiðandi efnun.*

*Í fjarskiptainntaki skal ávallt setja upp tengilista til að tengja strengenda heimtaugar við innanhússfjarskiptalögn. Heimilt er að splæsítengja heimtaug við innanhússfjarskiptalögn í fjarskiptainntaki. Sé splæsítengt í fjölþýlishúsi eða einingaskiptu atvinnuhúsnæði skal leggja a.m.k. einn aukaprád innanhússfjarskiptalagnar frá inntaki til hvernar íbúðar eða einingar og skal lausum aukapráðum innanhússfjarskiptalagnar komið fyrir í tengilista við fjarskiptainntak.*

*Sé laus þráður innanhússlagnar til viðkomandi notanda fyrir hendi í fjarskiptainntaki skal fjarskiptafyrirtæki tengja heimtaug við hann í stað þess að aftengja tengingu annars fjarskiptafyrirtækis sem fyrir er. Óheimilt er að splæsítengja alla þræði hvernar íbúðar við heimtaug.*

*Sé enginn laus þráður í innanhússlögn þar sem splæsítenging hefur verið notuð er húseiganda heimilt að láta aftengja innanhússlögn sína frá inntaki þess fjarskiptafyrirtækis sem fyrir er. Fjarskiptafyrirtæki sem aftengir skal tilkynna, með rekjanlegum hætti, því fjarskiptafyrirtæki sem fyrir var um aftenginguna eigi síðar en innan 10 virkra daga eftir að hún var framkvæmd.*

*Inntök fjarskiptastrengja skulu vera í samræmi við viðurkennda og viðeigandi ÍST-staðla og í samræmi við fjölda íbúða eða fjölda afmarkaðra athafnasvæða í atvinnubyggingum.*“

#### **4.2. Afmörkun ágreiningsefnis og mörk úrlausnar mála**

(26) Mál þetta varðar ágreining aðila um hvernig ganga skuli frá lausum aukapræði innanhússfjarskiptalagnar, þegar slík aukalögn hefur verið lögð í fjölbýlishús eða einingaskiptu atvinnuhúsnæði í þeim tilfellum sem notast hefur verið við bræðisuðu við framkvæmd tengingar. Nánar til tekið varðar ágreiningurinn hvernig beri að túlka kröfu 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússlagnir, eins og henni var breytt með reglum nr. 421/2018, um að lausum aukapræðum innanhússfjarskiptalagnar *skuli komið fyrir* í tengilista við fjarskiptainntak.

(27) Við úrlausn stjórnáskilumála er varða deilumál aðila telur PFS það fyrst og fremst vera hlutverk sitt að leysa úr ágreiningi þeirra um túlkun fjarskiptalaga og afleiddra reglugerða og reglna sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. PFS hefur í fyrri ákvörðunum sínum látið þess getið að ágreiningur um hvort að tiltekinn frágangur tenginga í einstaka húseignum geti ekki orðið grundvöllur stjórnáskilumáls hjá stofnuninni.

(28) Það þýðir á hinn bóginn ekki að það sé óþarft fyrir aðila að benda á einstök dæmi um frágang tenginga í fjarskiptainntaki vegna ágreiningsmála þar um, eins og þeir hafa raunar gert í ágreiningsmálum um frágang tenginga í fjarskiptainntaki á umliðnum árum. Slíkt er nauðsynlegt til þess að sýna fram á viðtekna framkvæmd (ekki einstök tilvik) af hálfu fjarskiptafyrirtækis sem aðili telur að brjóti í bága við lög og reglur, enda svarar PFS ekki lögspurningum í formlegum úrlausnum stjórnáskilumála án tengsla við raunverulega hagsmuni aðila.

(29) Niðurstaða PFS um hvar stofnunin dregur mörk sín varðandi úrlausn mála, sbr. framangreint, leiðir m.a. til þess að ekki er í öllum tilvikum nauðsynlegt að framkvæma vettvangsathugun til að rannsaka mál sem varða frágang tenginga í fjarskiptainntaki. PFS telur að svo hátti til um þann ágreining sem nú er uppi og að stofnunin geti útkljáð hann burtséð frá því hvernig frágangi tenginga er háttað í einstaka húseignum sem kvartað er undan. Verður því í niðurstöðu þessari ekki vísað til tiltekinna húseigna eða tekin afstaða til frágangs tenginga í þeim.

(30) Rétt er að taka fram, þrátt fyrir framangreint og ef til þess kemur, að PFS telur sig þurfa að leggja mat á frágang tenginga í fjarskiptainntaki einstakra húseigna með framkvæmd úttektar mun stofnunin kveðja til verka þar til bærð sérfræðiráðgjafa, sbr. til dæmis ákvörðun nr. 26/2012 í svonefndu Dalselsmáli, og leggja útlagðan kostnað af slíku á viðeigandi aðila, ef hann telst

vera brotlegur eða það þykir vera tilhlýðilegt að öðru leyti, sbr. heimild í 11. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

#### **4.3. Aðgangur að lausum aukapræði innanhússfjarskiptalagnar í tengilista**

(31) Í fyrrnefndum reglum nr. 421/2018 sem breyttu gildandi reglum um innanhússfjarskiptalagnir voru settar nánari kröfur um frágang innhússfjarskiptalaga og um tengiskil milli almennra fjarskiptaneta og innanhússfjarskiptalagna. Samhliða markmið reglnanna um að tryggja öryggi tenginga í fjarskiptainntaki var ætlunin einnig sú að koma upp aðgengilegum og nothæfum aðgangspunkti að innanhússfjarskiptalögnum. Greitt aðgengi að aðgangspunkti innanhússfjarskiptalagna er krafa sem leiðir af 60 gr. fjarskiptalaga og tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2014/61/EB um lækkun kostnaðar við útbreiðslu háhraðaneta.

(32) PFS telur að markmið um greitt aðgengi að aðgangspunkti innanhússfjarskiptalagna náist með því að laus aukapráður slíkrar lagnar sé festur eða hengdur við tengilista. Það er ekki tilgangur kröfunnar að það fjarskiptafyrirtæki sem notar bræðisuðu eigi að virkja aðgangspunktinn, enda felst í því vinna sem stendur því fjarskiptafyrirtæki nær að framkvæma sem hyggst nýta sér aðgangspunktinn, þ.e. að velja staðsetningu fyrir þráðinn í tengilistanum, mæla þráðinn upp og merkja, koma tengingunni fyrir með réttum hætti, virkja hana og prófa.

(33) Á hinn bóginn stendur það upp á það fjarskiptafyrirtæki sem notar bræðisuðu, í þessu tilviki GR, að sjá til þess að laus aukapráður innanhússfjarskiptalagna sé tiltækur í tengilista, þ.e. að ekki þurfi að sækja þráðinn annað, jafnvel inn í inntaksbox félagsins, eins og myndir Mílu bera með sér og ekki hefur verið vefengt af GR. PFS hefur áður leyst úr kvörtun GR gegn Mílu fyrir að opna og athafna sig í inntaksbox sem GR hefur sett upp til að nálgast þar lausan aukapráð innanhússfjarskiptalagnar, sbr. ákvörðun nr. 25/2017, en niðurstaða þess máls var sú að Mílu væri það heimilt. Sé það vilji GR að draga úr eða eyða þörf Mílu fyrir því að opna inntaksbox sem félagið hefur sett upp hlýtur það að sjá sér hag í því að koma lausa þræðinum fyrir með aðgengilegum hætti fyrir utan inntaksboxið, þ.e. með því að festa eða hengja hann á tengilista.

#### **4.4. Fyrirmæli til GR um að taka heimtaugar úr sambandi að viðlögðum dagsektum**

(34) Míla fer fram á það að PFS gefi GR fyrirmæli um að taka heimtaugar úr sambandi í þeim húseignum sem kvörtun Mílu tekur til að viðlögðum dagsektum.

(35) PFS telur að á milli aðila hafi verið mismunandi skilningur á því hvað fælist í kröfu 3. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir *um að koma lausum aukapræði innanhússfjarskiptalagnar fyrir í tengilista*. Skilja hefur mátt málatilbúnað Mílu á þann veg að lausi aukapráðurinn ætti að vera tengdur við þar til gert „port“ í tengilista og þannig tilbúinn til notkunar án frekari ráðstafana á meðan að ætla má að skilningur GR hafi verið sá að það dygði að til staðar væri tengilisti í fjarskiptainntaki og að lausi aukapráðurinn væri þar fyrir hendi.

(36) PFS taldi nauðsynlegt að skýra rétta merkingu kröfunnar áður en mögulega verður gengið til frekari aðgerða. Hér er um ræða áréttingu á réttum frágangi tenginga í fjarskiptainntaki sem um var deilt. GR ber að taka þessa niðurstöðu til sín og festa eða hengja lausan aukapráð innanhússfjarskiptalagnar við tengilista. Að áliti PFS ætti það ekki að vera vandkvæðum bundið, enda hlýtur GR almennt að telja það óæskilegt að Míla þurfi að opna og athafna sig í inntaksboxi sem félagið hefur sett upp. Betri kostur hlýtur að vera að festa eða hengja lausa aukapráðinn á tengilista fyrir utan inntaksboxið fyrir ljósleiðara GR.

(37) Þetta er því ekki sama staða og var uppi í ákvörðun nr. 15/2019, þar sem tengilisti hafði sannarlega ekki verið settur upp og GR hafði engu að síður sett upp tengingu og virkjað hana,



þrátt fyrir að PFS hefði komist að þeirri niðurtöðu að slíkt væri óheimilt og leiðbeint um hvaða afleiðingar það hefði í för með sér. PFS telur að ágreiningur aðila um réttan frágang á lausum aukapræði í tengilista sé ekki kominn á það stig að það sé réttlætanlegt, út frá sjónarmiðum um meðalhóf, að gefa út fyrirmæli til GR um að taka heimtaugar úr sambandi að viðlögðum dagsektum. Er kröfu Mílu þar að lútandi hafnað.

### *Ákvörðunarorð*

- 1. Í fjölbýlishúsum eða einingaskiptu atvinnuhúsnæði ber Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., þegar félagið bræðisýður heimtaug við innanhússfjarskiptalögn, að koma lausum aukapræði innanhússfjarskiptalagnar fyrir í tengilista í fjarskiptainntaki húseignar. Það merkir að lausi aukapráðurinn sé festur við/hengdur við tengilista án þess að vera tengdur með virkum hætti.**
- 2. Míla ehf. eða annað fjarskiptafyrirtæki sem á efir kemur og tengir notanda í fjölbýlishúsi eða einingaskiptu atvinnuhúsnæði, eftir frágang sem framkvæmdur hefur verið í samræmi 1. tölulið, þarf að mæla upp lausa aukapráðinn, tengja hann réttilega við tengilistann og virkja tenginguna, enda kjósi fyrirtækið að nota tengilista fremur en að bræðisjóða tenginguna með þeirri kvöð sem því fylgir, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og ákvæðinu var breytt með reglum nr. 421/2018, og að teknu tilliti til þess hvernig sú krafa hefur verið skýrð með ákvörðun þessari.**
- 3. Kröfu Mílu ehf. um að PFS gefi Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. fyrirmæli um að taka heimtaugar úr sambandi, í þeim húseignum sem kvörtun Mílu ehf. tekur til, er hafnað.**
- 4. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.**

*Póst- og fjarskiptastofnun, 22. júní 2020*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Björn Geirsson